

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 146/1996, 671. mál

Samtök atvinnulífsins og SVP - Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 4. maí sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, með síðari breytingum, 671. mál. Samtökin skila sameiginlegri umsögn um frumvarp þetta.


Samtökin benda á að í frumvarpinu er víða vísað til svokallaðs samræmismats og tilkynntra aðila og má ráða að eftirlit á grundvelli frumvarpsins grundvallist á þessum atriðum. Í ljósi þessa vísa samtökin til umsagnar um þingmál nr. 669, þ.e. frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, varðandi brotalamir í stjórnsýslu faggildingar hér á landi. Telja samtökin að þær athugasemdir eigi að fullu við í þessu máli.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og gera samtökin að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu